

Verkefni: Stjórnarfundur Gíggjunnar
Dagsetning fundar: 16. september 2007
Tímasetning fundar: 20:00 – 23:15
Fundarstaður: Thorvaldsen Bar, Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Formaður	Mætt
Dagbjört Sigurbergisdóttir (DS)	Varaformaður	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
P. Linda Guðjónsdóttir (PLG)	Gjaldkeri	Mætt
Puríður Pétursdóttir (PP)	Meðstjórnandi	Mætt
Margrét Bóasdóttir	Verndari	Fjarverandi
Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir (AÓG)	Varamaður	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Fréttir af starfi aðildarkóra Gíggjunnar**

Stjórnarmenn sögðu fréttir af aðildarkórum Gíggjunnar. Almennu eru flestir kórar komnir af stað eftir sumarfrí. Stefnt er að því að tengiliðir verði búnir að hafa samband við sína kóra til þess að leita eftir fréttum/upplýsingum fyrir miðjan október. Helstu atriðin sem rædd eru við kórana þetta haustið eru:

- Láta vita af framhaldsaðalfundinum 20. október.
- Minna á að hægt er að finna allar fundargerðir á vefsetrinu.
- Óska eftir fréttum og láta vita hvernig fréttatilkynningar þurfa að vera uppbyggðar.
- Athuga með geisladiskaútgáfu kóra.
- Biðja um hugmyndir að skoðanakönnun fyrir vefsetrið.
- Athuga hvort upplýsingar á vefsetrinu undir "Aðildarkórar" eru réttar.
- Fá netföng þeirra stjórnarmanna sem vilja bætast á póstlista Gíggjunnar.
- Fá hugmyndir að fræðslufundum eða námskeiðum.
- Biðja kór um að senda inn mynd af kórnum fyrir vefsetrið, (ef hún er ekki inni).
- Láta vita að sent verði innheimtubréf vegna félagsgjalda um miðjan október.

2. SAMNAM

Stjórn Gíggjunnar hefur borist fundarboð frá SAMNAM. Næsti fundur verður haldinn í Svíþjóð 21.- 23. september 2007. Ákveðið var að senda ekki fulltrúa til fundarins að þessu sinni

3. Norræna kvennakóramótið og Festival í Eistlandi

Gíggjunnar barst tölvupóstur frá Margréti Bóasdóttur þar sem hún var stödd á ráðstefnu í Bergen í Noregi. Þar komst hún í kynni við Tove Ramlo Ystad sem stjórnar Kvennakórnum Cantus í Þrándheimi. Þessi kór mun ásamt norskum kórasamtökum standa fyrir norræna kvennakóramótið í Þrándheimi 10.-13. apríl 2008. Tove óskaði eftir því við Margréti að hún útvegaði henni tengiliði allra íslenskra kvennakóra. Margrét benti henni á vefsetrið og í framhaldi af því sendi stjórn Gíggjunnar Tove bréf með netföngum allra tengiliða. Tove hefur nú sent öllum aðildarkórum Gíggjunnar póst með upplýsingum um mótið. Ákveðið var að fylgja þessum pósti eftir með tölvupósti frá stjórn Gíggjunnar og hvetja kórana til þess að sækja þetta mót þar sem fullséð er að íslenska kvennakóramótið (sem haldið er á svipuðum tíma) rúmar ekki alla kóra sambandsins og einnig er nauðsynlegt fyrir okkur að halda norrænum samskiptum á lofti. Búið er að senda upplýsingar um þetta mót á alla aðildarkóra og frétt um mótið er einnig komin á vefsetrið. Ákveðið var að kynna mótið á fundinum 20. október, PP mun sjá um þá kynningu. Upp kom sú hugmynd að stjórn Gíggjunnar sendi fulltrúa á mótið, málin rædd. Margrét Bóasdóttir lét einnig vita af því að búið er að skipuleggja Nordic Baltic Choral Festival í Tartu í Eistlandi í byrjun ágúst 2008. Margrét mun afla frekari upplýsinga um það og senda til stjórnar sem hún mun svo koma áfram til sinna félagsmanna.

4. Kvennakór Öldutúns

Stjórn Gígunnar barst fyrirspurn frá stjórnanda Kvennakórs Öldutúns, Brynhildi Auðbjargar-dóttur, um það hvernig hægt væri að gerast aðili að Gígjunni. Ákveðið var að HG sendi henni allar upplýsingar og hefði einnig samband við hana í síma til þess að gefa henni upplýsingar um starfsemi og markmið Gígunnar. Málið er í vinnslu.

5. Fundarboð vegna framhaldsaðalfundar 20. október

HG var búin að gera drög að fundarboði vegna framhaldsaðalfundar Gígunnar 20. október. Farið var yfir fundarboðið og gerðar nauðsynlegar breytingar á því. Ákveðið var að koma fundarboðinu í póst ekki seinna en 18. september og einnig að senda það með tölvupósti á alla tengiliði viku síðar. Fundarboðið inniheldur upplýsingar um fundinn; dagskrá fundarins, tillögur stjórnar um styrki vegna ferða stjórnarmanna á stjórnarfundi og tillögur stjórnar að lagabreytingum. HG mun sjá um þessar póstsendingar. Málið er í vinnslu.

6. Lagabreytingar, tillögur stjórnar

HG og Ásdís Helga (fyrirverandi formaður Gígunnar) voru búnar að gera drög að lagabreytingum. Stjórnin fór yfir þessar tillögur og gerði nauðsynlegar breytingar á þeim. Lagabreytingarnar verða sendar í pósti til allra aðildarkóra með fundarboðinu.

7. Reikningur

PLG er að vinna að því að gera reikning Gígunnar fyrir tímabilið 01.09.2006 til 01.09.2007 sem tekinn verður fyrir á fundinum 20. október. Ákveðið var að hafa sérstakan stjórnarfund til þess að stjórnin gæti lokið þeirri vinnu í sameiningu.

8. Vantar nýjan gjaldkera í stjórn

PLG er að fara í barnseignarfrí um áramótin. Ákveðið var að ræða við varastjórn og athuga hver af þeim er tilbúin að taka að sér gjaldkerastarfið. Æskilegt er að nýi gjaldkerinn kæmi inn í stjórnina núna, þannig að hann gæti unnið samhliða PLG fram að áramótum, til þess að komast vel inn í málefni Gígunnar hvað fjármál snertir.

9. Innheimta félagsgjalda

PLG var búin að ganga frá innheimtubréfi til aðildarkóranna. Bréfið yfirfarið og gerðar á því nauðsynlegar breytingar. Ákveðið að senda bréfið til aðildarkóranna um miðjan október. HG mun sjá um að koma bréfinu í póst og fylgja því svo eftir viku síðar með tölvupósti. Málið er í vinnslu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 23:15.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.